



## Fréttabréf forseta

DKG

## Styrkjum tengsl til framtíðar

Ágætu félagar

Starf DKG á Íslandi er hafið af krafti, fyrstu fundir hafa gengið vel og dagskráin verið metnaðarfull. Alltaf er gaman að fá fréttir af starfinu t.d. á FB síðuna.

Ég hvet ykkur til að senda dagsetningar funda til Eyglóar þannig að hún geti birt þær á heimasíðunni okkar ([eyglo@unak.is](mailto:eyglo@unak.is)). Einnig væri gaman að fá enn fleiri konur inn á FB síðuna okkar.

Mig langar líka að minna ykkur á að senda allar breytingar á félagatali til Elínborgar ([elinborg27@gmail.com](mailto:elinborg27@gmail.com))

### Evrópuþing næsta sumar

Byrjað er að skipuleggja næsta Evrópuþing í Borås, Svíþjóð og ykkur er gefið tækifæri til að vera með fyrirlestra á þinginu. Ég hvet ykkur til að vera með og halda erindi en þemað hjá þeim er Education – a Lifelong Dedication. Uppástungur þurfa að hafa borist fyrir 15. nóvember næstkomandi og sendist til: Ingrid Stjernquist, Chair of Steering Committee [ingrid.stjernquist@natgeo.su.se](mailto:ingrid.stjernquist@natgeo.su.se) og Marianne Skardeus, European Director [marianne.skardeus@comhem.se](mailto:marianne.skardeus@comhem.se)  
Sjá nánar á heimasíðu [dkg.muna.is](http://dkg.muna.is)

Samskipta- og útgáfunefnd er byrjuð að safna efni í næsta fréttablað. Allir formenn fengu póst frá Dagbjörtu ([dagbjortas@gamil.com](mailto:dagbjortas@gamil.com)) formanni þann 31.okt s.l. Ég bið ykkur að hvetja allar konur í ykkar deild til að skrifa í blaðið okkar.

### Landssambandsþing 9. og 10. maí 2015

Undirbúningur er hafinn að landssambandsþinginu okkar í vor. Landssambandsstjórn sótti um styrk í International Speakersfund og fékk úthlutað fyrirlesara og menntanefndin hefur tekið til starfa við undirbúning fagdagsskrár. Allar hugmyndir eru vel þegnar og sendist til formanns menntanefndar Ingibjargar Jóhannsdóttur, [ingibjorg\\_johannsdottir@yahoo.com](mailto:ingibjorg_johannsdottir@yahoo.com)

Eta og Kappadeildirnar hafa tekið höndum saman og ætla að sjá um undirbúning fyrir þingið. Allt skipulag, staðsetning og framkvæmd verður í þeirra höndum.

Uppstillinganefnd hefur sent formönnum bréf þar sem beðið er um tilnefningar í embætti. Á aðalfundi 10.maí n.k. verður kosið í embætti forseta, varaforseta, ritara og meðstjórnanda. Auk þess eru kosnar 3 konur í uppstillinganefnd og 2 konur sem endurskoðendur reikninga. Allar tilnefningar þurfa að berast formanni nefndarinnar Ingibjörgu Einarsdóttur [ingibje@hafnarfjordur.is](mailto:ingibje@hafnarfjordur.is) fyrir 1.des. n.k.

**Aðalfundur—  
landssambandsþing  
9. og 10. maí 2015.**

**Takið helgina frá og  
stefnum á að hittast allar  
þessa helgi.**

### Dagsetningar

31.okt - var síðasti dagur til að greiða félagsgjaldið.

10.nóv. - Uppgjör gjaldkera til landssambands

Með kveðju  
Guðbjörg,  
forseti DKG